

Valgreinar

Hönnun og smíði:

Í þessum tímum verður lögð áhersla á hönnun og sköpun nemenda.

Nemendur hanna og vinna ýmis verkefni með aðstoð kennara.

Fatasaumur:

Gert er ráð fyrir að nemendur skipuleggi eigið vinnuferli.

Nemendur velja verkefni í samráði við kennara.

Nemendur komi að heiman með föt og breyti þeim.

Bilið brúað:

Skipulagning þessa valhóps er unnin í samstarfi við Félag eldri borgara. Gert er ráð fyrir heimsóknum nemenda í félagsaðstöðu eldri borgara þar sem nemendur njóta leiðsagnar hinna eldri, s.s. spil, handverk o.fl. Einnig koma eldri borgarar í heimsókn í skólann og njóta leiðsagnar nemenda um ýmislegt, s.s. tölvunotkun og fleira sem nemendur hafa forskot í.

Valgreinar

Íþróttaval:

Ýmsar boltagreinar svo sem blak, knattspyrna, handbolti og körfubolti eru kynntar fyrir nemendum.

Auk þess vinnum við með þá sem ætla að taka þátt í Skólahreysti 2010.

Ljósmyndaval:

Nemendur læra á þær myndavélar sem þeir eiga og þjálfast í að taka betri myndir á vélina sína. Læra einnig að vinna með Photoshop og fleiri myndvinnsluforrit.

Leiklist:

Markmiðið er að örva frumleika og skapandi hugsun hjá nemendum. Einnig að nota leiklistina til að styrkja hæfileika nemenda til að geta unnið með öðrum — og einir. Hópurinn mun einnig vinna að undirbúningi Þjóðleiksins sem verður endurvakinn næsta vetur.

NESSKÓLI

**Valbæklingur
9. og 10. bekkur
2010-2011**



Ágætu foreldrar

Nú koma börnin ykkar heim með valblað fyrir næsta vetur. Mig langar til að biðja ykkur um að aðstoða börnin að velja námsgreinar sem samræmast áhugasviði þeirra og senda mér blaðið til baka undirskrifað af foreldri og barni.

Til þess að valið virki sem skyldi þá er mikilvægt að nemendur velji það sem þeir hafa áhuga á en ekki einungis það sem er með minnsta heimanámið.

Nemendur fengu kynningu á þeim greinum sem í boði verða næsta haust svo allir ættu að vita hverjar áherslurnar verða í þessum greinum.

Kær kveðja,

_____ skólastjóri

Síðasti skilafrestur á valblaði

28. maí

Nemendur velja tvær valgreinar sem nema alls fjórum kennslustundum á viku og valið gildir fyrir allan veturinn.

Ef ekki er næg þátttaka í námsgrein fellur hún niður. Ekki er heldur sjálfgefið að nemendur komist að í báðum þeim valgreinum sem þeir kjósa helst og því er nauðsynlegt að velja þrjár valgreinar hér að neðan. Í fyrsta val er skráð sú valgrein sem nemandi kys helst og svo koll af kolli.

Nafn _____

Bekkur : _____

1. val: _____

2. val: _____

3. val: _____

Staðfesting forráðamanns:

Ef nemandi og forráðamenn hans óska eftir því að fá nám í sérskóla (t.d. tónlistarskóla, framhaldsskóla) eða reglubundna þátttöku í íþróttá- eða félagsstarfi (t.d. björgunar-sveitarstarfi) metið í stað valgreinar, skal skrá það hér fyrir neðan. Slíkar óskir má að hámarki meta sem tvær stundir á viku.

Forráðamenn bera allan kostnað af námi sem óskað er eftir með þessum hætti.

Ef nemandi óskar eftir að fá annað nám eða íþróttá- eða félagsstarf metið sem val þá skráið það hér.

Nemandi þarf sjálfur að skila staðfestingu á þessari iðkun til deildarstjóra unglíngastígs

Skipting kennslustunda milli námsgreina

	<u>9. bekkur</u>	<u>10. bekkur</u>
Íslenska	6 tímar	6 tímar
Stærðfræði	6 tímar	6 tímar
Danska	4 tímar	3 tímar
Enska	4 tímar	4 tímar
Náttúrufræði	4 tímar	4 tímar
Samfélagsfræði	4 tímar	2 tímar
Lífsleikni	1 tími	1 tími
Bekkjarfundur	1 tími	1 tími
Starfsfræðsla		3 tímar
Íþróttir + sund	3 tímar	3 tímar
<u>Val</u>	<u>4 tímar</u>	<u>4 tímar</u>
Samtals	37 tímar	37 tímar